

um ferskfiskeftirlit.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. maí.)

1. gr.

Stofnun skal komið á fót, er annist eftirlit með meðferð og gæðum nýs og ísaðs fisks, sem landað er til vinnslu, frá því að fiskurinn kemur í skip og þar til hann er tekinn til vinnslu.

Stofnun þessi nefnist Ferskfiskeftirlitið.

Eftirlit þetta tekur enn fremur til búnaðar og þrifa fiskiskipa, að því er varðar geymslu fisks í veiðiför, svo og útbúnaðar og þrifa fiskmóttökuhúsa í landi.

Á því sviði, sem að framan er lýst, fer Ferskfiskeftirlitið með þau störf, er fiskmatsstjóra eru falin í lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat o. fl.

2. gr.

Ferskfiskeftirlitið skal framkvæma gæðaflokkun á fiski, sem ætlaður er til vinnslu, þegar tímabært þykir.

3. gr.

Yfirstjórn Ferskfiskeftirlitsins skal vera í höndum nefndar, er nefnist Fiskmatsráð.

Í ráðinu eiga sæti 7 menn, og skipar ráðherra fimm þeirra eftir tilnefningu eftirgreindra aðila:

1. Landssambands íslenzkra útvegsmanna.
2. Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Samlags skreiðarframleiðenda, Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda og Sambands íslenzkra samvinnufélaga, sameiginlega.
3. Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands, sameiginlega.
4. Framkvæmdastjórnar Landsbanka Íslands, viðskiptabankans, og Útvegsbanka Íslands, sameiginlega.
5. Heilbrigðismálaráðherra.

Sjötti maður ráðsins skal vera fiskmatsstjóri og hinn sjöundi forstöðumaður rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands, sem jafnframt er formaður ráðsins.

Takist ekki aðilum þeim, sem samkvæmt tölulíðum 2—4 hér að framan ber að tilnefna fulltrúa sameiginlega, að koma sér saman um val fulltrúa, þá skipar ráðherra hann án tilnefningar.

Ráðherra ákveður stjórnarlaun.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt, varamenn fiskmatsstjóra og forstöðumanns rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands án tilnefningar.

Ráðherra skipar Fiskmatsráði framkvæmdastjóra, eftir tilnefningu þess, og ákveður laun hans.

4. gr.

Verkefni Fiskmatsráðs, auk þess, sem um getur í 3. gr. laga þessara, eru:

1. að endurskoða á næstu tveimur árum lög og reglugerðir um fiskmat.
2. að úrskurða um ágreining, er rísa kann vegna framkvæmdar ferskfiskmats, meðan fyrrnefnd lagaendurskoðun stendur yfir.
3. að hlutast til um, að upp verði tekin hagnýt kennsla í stýrimannaskólanum og öðrum framhaldsskólum landsins, þar sem það á við, um hvers konar fiskverkun, enn fremur að beita sér fyrir almennri fræðslu um fiskverkun og meðferð afla og skipuleggja og framkvæma hvers kyns áróður til þess að auka skilning á og tilfinningu fyrir vöruvöndun.
4. að skipuleggja í samvinnu við rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands og láta framkvæma tilraunir og rannsóknir, er miða að bættri meðferð sjávarafla.

5. gr.

Ráðuneytið getur sett nánari fyrirmæli um allt, er varðar framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum og fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða sektum.

7. gr.

Til að standa straum af kostnaði af framkvæmd laga þessara skal stofnaður sjóður, er sé í vörzlu og undir stjórn Fiskmatsráðs. Tekjur sjóðsins skulu vera útflutningsgjald af sjávarafurðum, er nemi 1½% af fob-andvirði þeirra.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.